



Vallaskóli

---

*Virðing - þekking - lífsgleði*

# Jafnréttisáætlun

Vallaskóli - Selfossi

---

**2013-2016**

# Jafnréttisáætlun Vallaskóla – að eiga jafna möguleika

*Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.* Þannig talar löggjafinn til okkar strax í byrjun. Orðin eru tekin úr upphafskafla laga um jafnan rétt og stöðu karla og kvenna. Það rímar við íslenska stjórnarskrá en í 65 gr. segir að „allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“. Og í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011 er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi.

Við í Vallaskóla fögnum því margbreytileikanum og stefnum á skóla margbreytileikans! Því, skólinn er í raun eina stofnun samfélagsins sem getur tryggt öllum uppvaðandi kynslóðum jöfn tækifæri óháð félagslegum og menningarlegum kringumstæðum. (*Jafnrétti – Ritroð um grunnþætti menntunar*).

## **Starfshættir og samþætting**

Starfshættir Vallaskóla skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun m.a. vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu stéttar og trúarbragða. Skólastarfið byggist því að öllu jöfnu beint eða óbeint á sjónarhorni jafnréttis og hver námsgrein á að taka mið af því. Og því jafnari sem hlutföll karla og kvenna eru í jafnréttissjónarmiði því meiri líkur eru á því að ákvarðanir sem teknar eru endurspegli hagsmuni beggja kynja. Höfum í huga að skortur á jafnvægi, virðingu, lýðræði, jafnrétti og félagslegu réttlæti er undirrót ofbeldis í samfélögum.

## **Samþætting (*mainstreaming*)**

*Kynjasamþætting:* Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu, og þá í skólanum. Innleiðing grunnþáttarins *jafnrétti* úr aðalnámskrá í skólastarfið er dæmi um slíka samþættingu.

## **Jafnréttismenntun**

Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í þeim tilgangi að kenna nemendum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar og forréttinda. Janréttisglæraugun eru hjálpartæki til að greina betur áhrifavald, valdahlutföll og tengsl. Sumt blasir við þegar að er gáð, annað liggur ekki í augum uppi og þarfnast kerfisbundinn athugunar. (*Jafnrétti – Ritroð um grunnþætti menntunar*).

Markvisst skal unnið í Vallaskóla að eflingu fræðslu um jafnréttismál og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum kynjanna. Mikilvægt er að starfsmenn og nemendur skólans, ásamt forráðamönnum þeirra, hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku.

Í samhengi við umfjöllun um jafnréttismenntun er vert að benda á að Ísland er aðili að margskonar alþjóðlegum sáttmálum er varða jafnrétti og almennt réttindi manna, s.s: Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Mannréttindasáttmála Evrópu, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Salamanca-yfirlýsingarinnar (frá árinu 1994 og varðar nemendur með sérþarfir) og Dakar-sáttmála Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (varðar menntun barna m.a. með tilliti til aðgengis, gæða menntunar og kynferðis).

## Leiðarljós og markmið Vallaskóla

Skólastarf og samskipti í skólanum skulu einkennast af metnaði, hvatningu og virðingu fyrir manngildi allra. Skólabragur skal einkennast af umhyggju og samvinnu og eiga öll samskipti að stuðla að því að börn læri að bera virðingu fyrir náunganum. *Virðing, þekking, lífsgleði* eru einkunnarorð skólans.

Jafnréttisáætlun Vallaskóla (á [www.vallaskoli.is](http://www.vallaskoli.is) og í handbók starfsmanna)

Markmið	Aðgerð og jafnstaða	Ábyrgð	Tímarammi
<b>Sértækar aðgerðir á gildistíma janfréttisáætlunar</b>			
<b>Öflun upplýsinga um stöðu karla og kvenna innan Vallaskóla, jafnt starfsfólks og nemenda</b>	Gerð könnunar er tekur til allra þátta skólastarfsins og stöðu kynjanna í hverjum þætti fyrir sig – sérstaklega skal mæla viðhorf nemenda til jafnréttis, hvort hindranir séu til staðar í skólanum almennt er varðar mismunun hvers konar og hvernig Uppeldisstefna Vallaskóla samræmist jafnréttissjónarmiðum	Skólastjóri	Skólaárið 2014-2015
<b>Búa til grunn þekkingar og tölfræðilegra upplýsinga</b>	Skýrslugerð á grunni könnunar, samhæfa stefnu skólans um jafnrétti, gera tillögur til umbóta með tímasettri áætlun	Skólastjóri	Skólaárið 2014-2015
<b>Upplýsa skólasamfélag</b>	Kynning á niðurstöðum könnunar um stöðu jafnréttis í Vallaskóla en kynningin nær til alls skólasamfélagsins	Skólastjóri	Skólaárið 2014-2015
<b>Framkvæma umbætur vegna kynjasambættingar</b>	Hefja sértæka vinnu, skv. forgangsröð, á þeim þáttum sem tilgreindir eru í umbótaáætlun og byggðir á niðurstöðum könnunar	Skólastjóri	Skólaárið 2014-2015
<b>Innleiðing grunnþáttarins jafnrétti í skólanámskrá</b>	Samhliða innleiðingarferli aðalnámskrá í skólanum	Stýrihópur um innleiðingu aðalnámskrár og skólastjóri	Skólaárið 2014-2015
<b>Nemendur fá kennslu í táknmáli</b>	Skoða þann möguleika að taka upp kennslu í táknmáli fyrir alla nemendur skólans og sú kennsla hefjist strax á yngsta stigi – sé hluti íslenskukennslu	Stjórnendur	Skólaárið 2014-2015
<b>Sköpun</b>	Skoða þarf markvisst innleiðingu grunnþáttarins <i>sköpun</i> með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi	Stjórnendur og stýrihópur um innleiðingu aðalnámskrár	Skólaárið 2014-2015
<b>Forvarnaáætlun</b>	Gera þarf forvarnaáætlun fyrir skólann í samræmi við innleiðingu grunnþáttarins <i>Heilbrigði og velferð</i> , enda er það hluti af jafnréttisáætlun og framgangi hennar í skólastarfinu - samræma áætlanir og upplýsingar sem liggja fyrir	Stjórnendur, stýrihópur um innleiðingu aðalnámskrár, verkefnisstjórar	Haustið 2015
<b>Móttökuáætlanir á milli skólastiga</b>	Skoða þarf gerð móttökuáætlana á milli skólastiga með hliðsjón af jafnréttissjónarmiði	Stjórnendur	Skólaárið 2014-2015

<b>Að vinna með vináttu og aldursmun – Hringekjukeðjan, Vorskólinn og samstarf árganga</b>	Að búa til samstarf kennara á milli skólastiga er miðar að því að þegar kennari skilar af sér bekk til kennara næsta stigs þá sé skipulagt vinabekkjasmstarf á milli þessara kennara og nemenda þeirra (dæmi 5. og 8. bekkur vinna saman í þrjú ár) – sama gildir í verkefninu <i>Vorskólinn</i> sem er brú á milli leik- og grunnskóla	Umsjónarkennarar	Þegar hafið
<b>Efla þekkingu á mismunun í miðlun efnis og samskiptum á netinu – duldar merkingar</b>	Þemavika í skólum sveitarfélagsins á vetrarönn með gagnrýna hugsun að leiðarljósi – umfjöllunarefnið sé jafnrétti og fjölmiðlar – í kjölfar viðburðarins skal skoða framkvæmd <i>jafnréttisviku</i> sem árlegt verkefni í skólanum	Skólastjórnendur og kennarar	Nóvember 2014
<b>Stofnun lifandi bókasafns</b>	Að skoðuð verði jafnréttisfræðslu sem byggir á hugmyndinni um „Lifandi bókasafn“ – hugmynd sem m.a. kemur inn á jafningjafræðslu	Skólastjórnendur og kennarar	Skólaárið 2014-2015
<b>Auglýsingar um störf</b>	Leitast skal við að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum þegar auglýst er eftir nýju fólki	Skólastjóri	Árið um kring
<b>Skoðun kjaramála</b>	Gera úttekt þar sem skoðuð verða grunnlaun, yfirvinnugreiðslur, starfslýsingar o.s.frv. eftir kyni og starfsheitum og gera viðeigandi úrbætur	Skólastjóri og trúnaðarmenn starfsmanna	Haustönn 2014-2015
<b>Heildarendurskoðun jafnréttisáætlunar</b>	Endurskoðun jafnréttisáætlunar og gerð skýrslu um framgang - gerð nýrrar áætlunar sem hefur þriggja ára gildistíma	Skólastjóri í samstarfi við alla starfsmenn og nemendur	Vorönn skólaárið 2015-2016
<b>Almennar aðgerðir í jafnréttisáætlun</b>			
<b>Eftirfylgni er með jafnréttisáætlun og hvernig henni er viðhaldið</b>	Að farið sé yfir þætti jafnréttisáætlunar skólans árlega vegna skipulagningar skólastarfsins, þ.m.t. fræðslu um jafnrétti, helstu þættir áætlunarinnar ræddir og kynntir starfsmönnum og nemendum með reglubundnum hætti – uppgjör hvers árs skal koma fram í ársskýrslu skólans sem sérstakur kafli	Skólastjórnendur	Starfsdagar skólastjórnenda og kynning fer fram í upphafi hvers skólaárs
<b>Almennt viðhorf við störf, nám og leik í skólanum</b>	Engum má mismuna á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana	Allt skólasamfélag Vallaskóla	Árið um kring
<b>Launajafnrétti og starfslýsingar</b>	Launajafnrétti ríkir fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og skulu starfslýsingar bera þess merki óháð kyni	Skólastjóri	Allt skólaárið

<b>Sveigjanleiki varðandi starfsskyldur og skyldur einkalífs</b>	Jafnt konur og karlar eiga rétt á að geta samræmt starfsskyldur við hagi fjölskyldu sinnar og einkalífs - skal það gert með gagnkvæmum sveigjanleika varðandi vinnu og vinnutíma – nánar rætt m.a. í starfsmannaviðtölum	Skólastjórar	Vettrarönn
<b>Endurmenntun starfsmanna og gerð endurmenntunaráætlana er lykilþáttur í skólastarfinu</b>	Hver starfsmaður á rétt á endurmenntun/starfsþjálfun við hæfi, óháð kyni, uppruna, trú, búsetu eða sérþarfa og skal þess sérstaklega gætt við gerð endurmenntunaráætlana	Skólastjóri	Starfsdagar skólastjórnenda
<b>Kynferðislegri áreitni og einelti er ekki liðið!</b>	Tryggja að unnið sé eftir aðgerðaráætlum skólans og sveitarfélagsins og að viðunandi fræðslu sé sinnt sbr. forvarnir fyrir hvers konar mismunun og ofbeldi, s.s. einelti, gagnvart kyni og kynhneigð, sérþarfa nemenda o.s.frv.	Skólastjórnendur, námsráðgjafar, verkefnisstjórar, hjúkrunarfræðingur, forvarnahópur Árborgar, barnavernd Árborgar, Skólaþjónusta Árborgar	Allt skólaárið
<b>Móttaka nýnema byggir á jafnréttissjónarmiðum – leitast er við að kanna bakgrunn nemenda og áhugamál</b>	Í Vallaskóla er til staðar áætlun, á fjölmenningslegum grunni, um móttöku nýnema almennt þar sem tekið er tillit til sérþarfa nemandans og tryggt að samstarf heimili og skóla sé komið á – þá fá allir nýnemar viðtal við náms- og starfsráðgjafa strax í upphafi skólagöngunnar	Deildarstjórar, námsráðgjafar og kennarar	Allt skólaárið
<b>Jafnrétti skal ríkja í námshópum</b>	Leitast er við að halda kynjahlutfalli jöfnu í hverjum nemendahópi	Skólastjórnendur og kennarar	Eftir því sem við á
<b>Kenna þarf samskipti</b>	Hér skal unnið með skólabrag í heild sinni – samskiptareglur, skólareglur, Uppeldisstefna Vallaskóla, Olweusaráætlunin gegn einelti (bekkjargundir og hlutverkaleikir í brennidepili), ART (þjálfun félagsfærni, reiðistjórnunar og siðferðis), Baujan sjálfstyrkingar-námskeið, stráka- og stelpuhópar í félagsmiðstöð	Skólastjórnendur, kennarar, námsráðgjafar, verkefnisstjórar og forstöðumaður félagsmiðstöðvar	Allt skólaárið
<b>Fjölbreytt kennsla</b>	Beita þarf fjölbreyttum náms- og kennsluaðferðum í samræmi við hugmyndafræði skóla án aðgreiningar, þannig að ólík reynsla og gildismat fái notið sín – tekið fram í kennsluáætlunum og skólanámskrá	Kennarar	Eftir því sem við á

<b>Nemendur eru fræddir um jafnrétti – leitast er við að skilja án þess að dæma</b>	Nemendur á öllum skólastigum skulu fá fræðslu um jafnréttismál, þar sem hugtökin <i>jafnrétti</i> og <i>orðræða</i> menningar eru í fókus, að ógleymsdu þróun Íslands sem fjölmennings-samfélag, enda er það liður í því að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í lýðræðissamfélagi og þar sem fjölskyldugerðir eru ólíkar – áherslurnar komi fram í kennsluáætlunum og tillögur náms- og starfsráðgjafa verði þungamiðjan hvað þennan þátt varðar	Kennarar, náms- og starfsráðgjafar, deildarstjórar og forvarnahópur Árborgar	Við gerð kennsluáætlana
<b>Gildi jafnréttis er sjáanlegt í skólanámskrá</b>	Jafnrétti er einn af sex grunnþáttum menntunar og skal sá þáttur vera sýnilegur eða samþættur öllum námsgreinum og starfi skólans, sem tilgreint er í skólanámskrá	Skólastjóri	Við gerð og endurskoðun námskrár
<b>Efling sjálfstyrkingar – að hafa trú á eigin getu</b>	Hver nemandi á rétt á þjónustu námsráðgjafa, fá einstaklingsviðtal við kennara, að komast á sjálfstyrkingar-námskeið til að efla sjálfstraust og vellíðan – sbr. námskeiðið <i>Baujan</i> og námskeið á vegum félagsmiðstöðvar	Skólastjóri, náms- og starfsráðgjafar, allir kennarar og umsjónarmaður félagsmiðstöðvar	Skráning nemenda á námskeið fyrir komandi skólaár fer fram á vorönn og í upphafi vetrarannar
<b>Notkun fjölbreytts námsefnis eða námsefnisgerðar</b>	Þegar nýtt námsefni er tekið í notkun þarf að tryggja að innihald þess byggji sem mest á sjónarmiðum jafnréttis og sé laust við fordóma	Deildarstjórar og kennarar	Eftir því sem við á
<b>Námsaðstæður og valgreinar</b>	Koma skal til móts við þarfir, sérþarfir og skoðanir beggja kynja er varðar aðstæður til náms og aðgengis í skólanum, viðburði á vegum skólans og ferða, og að allir nemendur geti valið námsgreinar eftir áhugasviðum sínum – taka skal tillit til sjónarmiða nemenda varðandi skipulag kennslu, námsefnis og viðburða	Skólastjórar, kennarar, umsjónarmaður félagslífs og umsjónarmaður fasteigna	Einu sinni á önn
<b>Heilbrigði og velferð</b>	Vallaskóli er í <i>verkefninu Heilsueflandi skóli</i> – að sama skapi þarf að viðhalda og efla samstarfsvettvang við íþrótt- og félagsamtök	Skólastjórar, stýrihópur verkefnis og kennarar	Allt árið um kring
<b>Skólaþing Vallaskóla er vettvangur alls skólasamfélagsins</b>	Fulltrúar hvers bekkjar á sama skólastigi, einn drengur og ein stúlka, mynda fulltrúaráð nemenda á Skólaþingi Vallaskóla og gera tillögur að þinghaldi sem á sér stað í janúar – það sama gildir um starfsmenn og foreldra	Skólastjórnendur	Viðtöl við fulltrúaráð nemenda, starfsmanna og foreldra standa yfir allt árið en skólaþing er haldið í janúar ár hvert

<b>Sambætting er í öllu mati á skólastarfinu</b>	Greina þarf kynbundinn mun á líðan, stöðu kynjanna og sjálfsmyndar í niðurstöðum námsmats (s.s. samræmdra prófa, vorprófa), almennra kannana á vegum skólans (s.s. Skólapúlsinn, Olweusarkönnunin, Hagir og líðan, skýrslur verkefnisstjóra, áhugasviðskannanir, tengslakannanir, lesskilningskannanir ofl.) og gera tillögur um úrbætur	Skólastjórar, starfs- og námsráðgjafar og kennarar	Þegar niðurstöður liggja fyrir hverju sinni
<b>Náms- og starfsfræðsla einkennist af jafnréttisstjórarmiðum</b>	Námskrá í lífsleikni tekur sérstakt mið af jafnréttisstjórarmiðum og fléttast við nám og kynningu um atvinnulífið (m.a. vettvangsferðir eða hjá gestafyrirlesturum) þar sem unnið er sérstaklega gegn staðalímyndum – námskrá skal skipuleggja í lok hvers skólaárs með nýtt ár í huga	Náms- og starfsráðgjafar, kennarar	Allt skólaárið
<b>Nærumhverfi og sjálfbærni</b>	Nemendur öðlist skilning á mikilvægi sjálfbærni í náttúrunni þar sem jafnrétti og samvinna allra eru lykilþættir til að ná árangri – sbr. verkefnið Gullin í grenndinni og umhverfsvaktir nemenda á skólalóð	Stjórnendur og kennarar	Allt skólaárið
<b>Foreldrastarf og þátttaka forráðamanna í skólastarfinu</b>	Feður jafnt sem mæður eru jafngild í foreldrastarfi og skal það m.a. sjást í viðtölum við forráðamenn, vali á foreldratenglum og öðrum fulltrúum foreldra í starfi skólans – leitast skal við að virða vilja beggja foreldra varðandi ákvörðunartöku er lítur að barni þeirra	Allir starfsmenn	Allt skólaárið
<b>Skráning forráðamanna nær til beggja foreldra</b>	Að jafnaði skal gæta þess að upplýsingar um báða foreldra eða forráðamenn barns skuli skráðar í upplýsingakerfi skólans og að þeir hafi aðgang að upplýsingum um barn sitt þar	Ritari	Við skráningu barns í skólann
<b>Skipan skólaráðs tekur mið af fjölbreytileika</b>	Skólaráð skal að jafnaði skipað fulltrúum af báðum kynjum, sér í lagi þar sem tveir einstaklingar eru í hverri fulltrúastöðu, og að skólaráð sé skipað fulltrúum er taka mið af fjölbreytileika skólasamfélagsins	Skólastjóri	Á tveggja ára fresti
<b>Nemendafélag til fyrirmyndar</b>	Nemendur hvers bekkjar á unglíngastigi kjósa fulltrúa sinn í nemendafélagið – hvetja skal stúlkur jafnt sem drengi til að taka þátt í framboði þar sem jafnréttisstjórarmið skulu höfð að leiðarljósi enda kemur það fram í lögum og áætlunum félagsins	Umsjónarmaður félagslífs og umsjónar-kennarar	September ár hvert
<b>Ferðanefnd 10. bekkjar skal skipuð báðum kynjum</b>	Nefndin skal skipuð fulltrúum foreldra og nemenda af báðum kynjum og taki mið af fjölda bekkjardeilda	Deildarstjóri eldri deildar	Í lok september ár hvert þar sem ný nefnd er skipuð á hverju ári

<b>Hlutfall kynja í keppnisliðum skal vera jafnt - horfum frekar á samstarf en samkeppni</b>	Að í skólanum stjórnist val í keppnislið af hæfileikum, fjölbreytni og jöfnum hluta kynja	Hluteigaðandi kennarar og félagsmiðstöð	Eftir því sem við á hverju sinni
<b>Við sköpum félagsauð – við tökum þátt og við getum haft áhrif</b>	Það er gert m.a. með því að taka þátt í list- og menningartengdu verkefni á borð við <i>Vor í Árborg</i> , fjáröflunarverkefnum (öflun fjár fyrir skólaferðalag t.d.), árlegum upplestrarhátíðum, hjálpar- eða líknarstarfi (t.d. ABC-verkefnið, Jól í skókassa), vettvangsferðum eða heimsóknnum (t.d. á söfn, leikhús, syngja fyrir eldri borgara), vinaliða-verkefni á milli árganga (m.a. bekkjarheimsóknir, frístundastarf, frímínútnastarf), greina styrkleika félaga okkar og áhugamál, uppákomur fyrir starfsmenn á vegum starfsmannafélags o.fl.	Allir í skólanum	Allt skólaárið

Endurskoða skal jafnréttisáætlun Vallaskóla innan þriggja ára frá gildistöku hennar, eða í lok skólaársins 2016-2017.

Við gerð jafnréttisáætlunar Vallaskóla var stuðst við eftirfarandi heimildir:

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008.

Jafnréttisstefnu Sveitarfélagsins Árborgar (2013-2015).

Aðgerðaráætlun Sveitarfélagsins Árborgar gegn einelti, ofbeldi og kynferðislegri áreitni (2014-2018).

Lög um grunnskóla frá árinu nr. 91/2008.

Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011.

Ritröð um grunnþætti menntunar – *Jafnrétti*, (útg. 2013).

Skólastefnu Árborgar (2013-2016).

Heimasíðu Jafnréttisstofu, [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is).

Að auki voru teknar til skoðunar, og hafðar til hliðsjónar, jafnréttisáætlanir ýmissa skóla vítt og breitt um landið (tekið af heimasíðum skóla í maí 2014).